

djúpan skurð; og þar sem hann ekki vissi til að sér hefði skjátlast í neinu, skildi hann ekkert í héránum.

Lengi stóð hann með hausinn uppsprettan, afturhlutann við jörðina og stóru loðnu rófunu falda í lynginu; og hann fór að hugsa um hvort það eru hérarnir, sem verða slungnari, eða refarnir sem verða heimskari.

En þegar vestanvindurinn hafði þotið langa leið varð hann að norðanvindi, síðan að austanvindi, þarnaest að sunnanvindi og loks kom hann aftur yfir hafð sem vesfanvindur, kastaði sér inn á milli sandhólanna og stundi svo lengi og kynlega í þurru lynginu. En þá var ekki lengur tvö grá undrandi augu og bláan hvergarnskjól, sem var orðin of þröngur, að finna í Krarúps veitikrá. Og veitingamannskonan volaði meira en nokkru sinni áður; hún gat ekki skilið það—enginn gat skilið það—nema Andrés ökumaður—og einn maður annar.—

En þegar gamla fólkið vildi gefa æskulýðnum mjög alvarlega viðvörun, var það vant að byrja þannig: “Það var einu sinni stúlka, sem Karen hét, í Krarúps veitikrá.”——

**ALMANAK 1910**—útgefandi Ólafur S. Thorgeirsson, Winnipeg, hefir verið sent “Heimir.” og kunnum vér útgefanda þökk fyrir.

Auk tímatalansins og ýmislegs fróðleiks, viðvikjandi ártölum merkra viðburða og veðurfræðislegum athugunum, flytur almanakið æfiminning Gísla heitins Ólafssonar, kaupmanns, ásamt mynd, ritaða af séra F. Bergmann; sögukorn eftir J. Magnús Bjarnason, er hann nefnir “Íslenzkur Sherlock Holmes,” fremur tilkomulítið; fróðlega ritgerð um landnám Íslendinga í Álfvatns—og Grunnvatns bygð, eftir Jón Jónsson frá Sleðbrjót; smásögu þýdda úr ensku af Jóni Runólfssyni, all tilþrifagóða með köflum; og skrá yfir helztu viðburði og mannalát á meðal Íslendinga í Vesturheimi. Auk þess eru tvær myndir í Almanakinu, önnur af innganginum í Almannagjá á Þingvelli, hin af einhverju, sem er kallað íslenzk baðstofa. Ytri frágangurinn er dágóður, og yfirleitt er almanakið eiguleg bók.